


# Hvert er sótspor ferskra þorskhnakka frá Íslandi?

Kröfur um sjálfbæra nýtingu og lágmörkun umhverfisáhrifa hefur á síðustu misserum aukist á mikilvægum mörkuðum fyrir ferskfiskafurðir Íslendinga. Þessum kröfum hefur verið svarað með umhverfsvottunum, en upplýsingar um heildarumhverfisáhrif og samanburð við samkeppnisvörur hefur skort.

Því tóku nokkrir framleiðendur saman höndum og létu framkvæma vistferilsgreiningu á afurðum sínum. Niðurstöðurnar sýna að umhverfisálag ferskra íslenskra þorskhnakka er tiltölulega lágt í samanburði við helstu samkeppnisaðila og mun lægra en frá kjötafurðum.


Íslenskar afurðir sem seldar eru í Bretlandi og Sviss voru rannsakaðar og niðurstöður bornar saman við sambærilegar rannsóknir annarsstaðar í heiminum. Meðaltalsniðurstöður sýna að sótspor ferskra þorskhnakka er um 0,8 Kg CO<sub>2</sub> ígildi / Kg hnakkar þegar búið er að vinna aflann. Flutningur með skipi til Bretlands eða Sviss bætir frekar litlu við sótsporið, en ef afurðirnar eru fluttar með flugi getur það allt að þrefaldast.

## Sótspor íslenskra þorskhnakka



Séu niðurstöðurnar bornar saman við álíka erlendar rannsóknir má sjá að sótspor íslenskra þorskhnakka, sem fluttir eru með flugi til Bretlands, er sambærilegt við norskan þorsk og lax, sem fluttur hefur verið með sendibílum til mið-Evrópu. Ef hnakkarnir eru sendir með skipi kemur íslenski fiskurinn töluvert betur út en sá norski. Ef þorskhnakkar eru bornir saman við aðra próteingjafa úr dýraríkinu sést að íslenskur þorskur hefur mjög takmarkað sótspor.

## Sótspor íslenskra þorskhnakka í samanburði við samkeppnisvörur



Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið gefnar út í skýrsluformi og bæklingi með helstu niðurstöðum sem nálgast má á heimasíðum Matis og AVS. Verkefnið var styrkt af AVS.



QR Icelandic Cod

